



Reykjavíkurborg
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Reykjavík, 17. september 2020
PON20060025

Til mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs
Ráðhús Reykjavíkur

Efni: Frestun á útboði 14715 um þjónustu í mötuneyti

Upplýst er um frestun á útboði 14715 – um þjónustu í mötuneyti vegna óvissu við innleiðingu á styttingu vinnuvikunnar.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri



Reykjavík, 17. september 2020

ÞON20060025

ÞON

ÓJS

Lagt fyrir fund mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs 24. september 2020

Minnisblað

Viðtakandi: Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Sendandi: Óskar J. sandholt, sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Efni: *Frestun á útboði 14715 um þjónustu í mötuneyti.*

Forsaga:

Snemma árs 2020 hóf þjónustu- og nýsköpunarsvið (hér eftir ÞON) útboðsferli í formi samkeppnisviðræðna, fyrir þjónustu mötuneytis í Borgartúni 12-14 og Ráðhúsi Reykjavíkur. Var inntak viðræðanna, markmið og þarfir í þjónustunni kynnt fyrir mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði þann 12. mars síðastliðinn. Forvali er lokið, þá hafa útboðsgögn verið afhent og auk þess sem fyrirspurnum hefur verið svarað. Endanlegum tilboðum var skilað seinni part ágúst og til stóð að hefja eiginlegar samkeppnisviðræður nú um miðjan september.

Ákvæði um styttingu vinnuvikunnar hefur á síðustu misserum verið fest í nýjum kjarasamningum sem samþykktir hafa verið milli Reykjavíkurborgar og stéttarfélaganna. Leiðarljósið í útfærslu ákvæðisins hefur þó ekki legið fyrir fyrr en fyrst nú, en tilkynnt hefur verið að farin verður svoköllu starfsstaðaleið. Samkvæmt útgefinni tímalínu innleiðingar á styttingu vinnuviku, munu umbótasamtöl á starfsstöðum hefjast þann 21. september næstkomandi og í kjölfarið fara fram fjölmargir samráðsfundir. Atkvæðagreiðsla um útfærslu fer samkvæmt áætlun fram á tímabilinu 2.-10 nóvember. Gert er ráð fyrir að vinnuvikan verði stytt eigi síðar en 1. janúar 2021.

Greinargerð:

Ljóst er að stytting vinnuvikunnar getur haft töluverð áhrif á neysluhlé starfsmanna, ólíkt þó eftir því hvort um sé að ræða 1 klukkustundar styttingu á vinnutíma á viku eða 4 klukkustunda styttingu. Í fyrra tilfallinu hefur starfsfólk borgarinnar áfram forræði yfir sínu neysluhléi en í því seinna afsalar starfsfólk sér sama forræði.

Breytingar á fyrirkomulagi neysluhlés geta haft veruleg áhrif á þjónustu mötuneyta. Vegna óvissunnar sem upp er komin hefur því verið tekin ákvörðun í samráði við innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar og bjóðendur, að fresta útboði/samkeppnisviðræðum 14715 þar til útfærsla á styttingu vinnuvikunnar liggur fyrir í nóvember. Áhrif styttingar vinnuvikunnar getur haft viðtæk áhrif á einstaka liði útboðsins og því talið óráðlegt að binda Reykjavíkurborg og bjóðendur í samninga til margra ára ef útboðsgögn stemma ekki við útfærslu styttingarinnar.

Þegar niðurstaða liggur fyrir mun þjónustu- og nýsköpunarsvið í samstarfi við innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar, leggja mat á hvort þörf sé á að afturkalla útboðið eða hvort óhætt sé að halda samkeppnisviðræðum óbreyttum áfram.

Núverandi samningur við Múlakaffi hefur verið framlengdur til 31. mars 2021 til að mæta frestun útboðsins.

Samantekt:

Frestur verður gerður á samkeppnisviðræðum í útboði 14715 þar til niðurstaða um útfærslu á styttingu vinnuviku liggur fyrir og ljóst er hvort útboðsgögn standist þar með breyttar áherslur í þjónustu mötuneyta.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs



Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri